



Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - október 2014

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu 10 mánuði ársins 2014 liggur nú fyrir en í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Nokkur munur er á greiðsluuppgjöri annars vegar og uppgjöri á rekstrargrunni eins og ríkisreikningur er gerður eftir hins vegar. Hann felst einkum í því að í greiðsluuppgjöri er ekki tekið tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu bæði á tekju- og gjaldahlið sem hafa ekki haft áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 22,1 ma.kr. en var neikvætt um 8,8 ma.kr. á sama tímabili árið 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 52,8 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 23,8 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - október 2014 (m.kr.) (tölur á verðlagi hvers árs)

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	373.849	370.350	411.477	447.468	500.248
Greidd gjöld	429.669	430.877	446.460	463.375	487.150
Tekjujöfnuður	-55.820	-60.527	-34.983	-15.907	13.098
Viðskiptahreyfingar	1.134	1.665	-2.006	7.109	8.987
Handbært fé frá rekstri	-54.686	-58.862	-36.989	-8.798	22.085
Fjárfestingarhreyfingar	-34.877	66.233	-29.172	-22.696	-18.690
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-89.563	7.371	-66.161	-31.494	3.395
Afborganir lána	-140.902	-143.862	-210.730	-91.742	-140.357
Innanlands	-72.837	-56.315	-53.197	-86.845	-29.953
Erlendis	-68.065	-87.547	-157.533	-4.897	-110.404
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-230.465	-136.491	-276.891	-123.236	-136.962
Lántökur	298.298	226.802	232.410	95.705	170.996
Innanlands	166.497	106.760	94.080	95.705	54.559
Erlendis	131.801	120.042	138.330	0	116.437
Breyting á handbæru fé	67.833	90.311	-44.481	-27.531	34.034

Innheimtar tekjur ríkissjóðs jukust um 11,8% á milli ára og námu 500,2 ma.kr. á fyrstu 10 mánuðum ársins 2014. Jákvætt frávik frá áætlun fjárlaga þessa árs nemur 45,4 ma.kr. eða 10,0%. Af innheimtum tekjum námu skatttekjur og tryggingagjöld samtals 437,7 ma.kr. sem er 9,9% meira en fyrir ári síðan og 28,5 ma.kr. eða 7,0% yfir áætlun.

Innheimta tekjuskatts einstaklinga tímabilið janúar-október er 6,3 ma.kr. eða 7,1% yfir áætlun og nam 94,7 ma.kr. sem er 7,7% aukning frá því í fyrra. Tekjuskattur lögaðila nam 30,3 ma.kr. sem er 11,9 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Skattur á fjármagnstekjur nam samtals 35,7 ma.kr. Þar af nam fjármagnstekjuskattur greiddur af öðrum en ríkissjóði 29,2 ma.kr sem er 4,9 ma.kr. yfir áætlun. Sá hluti sem greiddur er af ríkissjóði, 6,5 ma.kr., hefur engin áhrif á afkomu ríkissjóðs því hann færir bæði á tekju- og gjaldahlið.

**Tekjur ríkissjóðs janúar – október 2012-2014**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
Skatttekjur og tryggingagjöld	378.298	398.245	437.717	9,6	5,3	9,9
Skattar á tekjur og hagnað	127.411	131.727	160.680	9,8	3,4	22,0
Tekjuskattur einstaklinga	81.834	87.870	94.671	10,5	7,4	7,7
Tekjuskattur lögaðila	22.988	18.189	30.347	79,9	-20,9	66,8
Skattur á fjármagnstekjur	22.589	25.668	35.662	-22,6	13,6	38,9
Eignarskattar	10.920	11.249	11.865	51,6	3,0	5,5
Skattar á vöru og þjónustu	170.880	179.533	188.802	10,1	5,1	5,2
Virðisaukaskattur	112.365	119.276	127.565	11,0	6,2	6,9
Vörugjöld af ökutækjum	3.489	3.740	4.193	58,7	7,2	12,1
Vörugjöld af bensíni	9.974	9.869	9.808	-0,8	-1,0	-0,6
Skattar á olíu	5.825	5.909	6.209	8,1	1,4	5,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	13.448	14.194	14.992	5,6	5,6	5,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	25.780	26.545	26.035	9,0	3,0	-1,9
Tollar og aðflutningsgjöld	5.888	4.190	4.650	7,4	-28,8	11,0
Aðrir skattar	9.256	15.201	11.854	30,9	64,2	-22,0
Tryggingagjöld	53.943	56.346	59.866	-0,6	4,5	6,2
Fjárframlög	736	278	210	1,7	-62,2	-24,5
Aðrar tekjur	31.102	48.261	60.908	25,2	55,2	26,2
Sala eigna	1.342	683	1.412	-	-	-
Tekjur alls	411.477	447.468	500.248	10,7	8,7	11,8

Tekjur af eignarsköttum eru 0,3 ma.kr. eða 2,7% yfir áætlun og námu 11,9 ma.kr. sem er 5,5% aukning á milli ára. Innheimta auðlegðarskatts jókst um 22,8% á milli ára og nam hún 7,2 ma.kr. sem er 1,1 ma.kr. yfir áætlun tímabilsins. Stimpilgjöld námu 2,7 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. undir áætlun og samdráttur upp á 16,0% á milli ára. Samdráttur stimpilgjalda milli ára skýrist af nýjum lögum um stimpilgjöld sem m.a. fela í sér afnám þess í mörgum tilvikum, en þau tóku gildi í upphafi þessa árs. Erfðafjárskattur skilaði 1,7 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun og samdráttur upp á 2,8% á milli ára.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 5,2% á milli ára og námu samtals 188,8 ma.kr. sem er á áætlun. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst í þessum flokki skatta, er einnig á áætlun og nam 127,6 ma.kr. sem er aukning um 6,9% á milli ára. Almenn vörugjöld eru 0,4 ma.kr. undir áætlun fyrir tímabilið og námu 4,8 ma.kr. sem er aukning um 4,2% frá sama tíma í fyrra. Vörugjöld af ökutækjum jukust um 12,1% á milli ára og námu 4,2 ma.kr. sem er á áætlun. Vörugjöld af bensíni eru 0,5 ma.kr. undir áætlun og námu 9,8 ma.kr. sem er tæplega 1% samdráttur milli ára.

Tekjur af oliugjaldi námu 6,2 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um 5,1% frá því í fyrra og 0,4 ma.kr. eða 7,1% yfir áætlun fjárlaga. Kolefnisgjaldið er á áætlun og nam 2,7 ma.kr. sem er aukning um 3,1% milli ára. Innheimta bifreiðagjalds, sem lagt er á tvisvar á ári í janúar og í júlí, stendur í 6,5 ma.kr. eftir 10 mánuði sem er 0,3 ma.kr. undir áætlun.

Tekjur af áfengisgjaldi námu 10,0 ma.kr. sem er 2,2% yfir áætlun og 7,1% aukning frá því í fyrra. Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 2,8% á milli ára og námu 5,0 ma.kr. sem er



rétt yfir áætlun. Sala áfengis tímabilið janúar-október, mælt í vinnanda allra tegunda samanlagt, jókst um rúmlega 3% á milli ára. Á sama tímabili jókst sala á sígarettum (vindlingum) að magninu til um 1,7% frá því í fyrra.

Tollar og aðflutningsgjöld eru 1,2 ma.kr. yfir áætlun og námu 4,7 ma.kr. á fyrstu 10 mánuðum ársins en það er aukning um 11% á milli ára. Ljóst er að áhrif af friverslunarsamningnum við Kína, sem tók gildi nú í sumar, skila sér hægar en gert hafði verið ráð fyrir.

Tekjur af tryggingagjöldum voru 6,2% hærrí tímabilið janúar-október í ár en í fyrra og námu 59,9 ma.kr. sem er 1,5 ma.kr. eða 2,5% yfir áætlun. Almenna tryggingagjaldið nam 40,0 ma.kr. og atvinnuþryggingagjaldið nam 13,8 ma.kr.

Aðrir skattar drógust saman um 22,0% á milli ára og námu 11,9 ma.kr. en það er 1,3 ma.kr. meira en áætlað var. Þar af nam gjald í Framkvæmdasjóð aldrea 1,8 ma.kr. og útvarpsgjald 3,3 ma.kr. Skattar á launagreiðslur og vinnuafl námu 5,6 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. yfir áætlun. Fjársýsluskattur, sem lagður er á fjármálafyrirtæki, nam 2,6 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. meira en áætlað hafði verið.

Aðrar tekjur en skatttekjur og tryggingagjöld námu 60,9 ma.kr. sem er 16,6 ma.kr. yfir áætlun og aukning um rúmlega 26% á milli ára. Frávikið frá áætlun skýrist af 19,7 ma.kr. arðgreiðslu frá Landsbankanum sem greidd var í mars á þessu ári. Arðgreiðslur eru samtals tæpum 20 ma.kr. yfir áætlun en aðrir liðir í þessum flokki, svo sem vaxtatekjur og veiðigjald hafa skilað minni tekjum en áætlað var. Vaxtatekjur námu 12,3 ma.kr. sem er 2,5 ma.kr. undir áætlun og veiðigjaldið skilaði 8,8 ma.kr. sem er 0,9 ma.kr. undir áætlun.

Greidd gjöld námu 487,2 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 23,8 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 5,1% sem er heldur minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára eins og sést í meðfylgjandi töflu.

Þróun útgjalda eftir málaflökkum janúar-september 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári	
	2012	2013	2014	2013	2014
Fjármagnskostnaður	65.536	65.436	66.466	-0,2	1,6
Almenn opinber þjónusta	38.888	41.924	42.235	7,8	0,7
Almannatryggingar og velferðarmál	111.693	108.765	114.577	-2,6	5,3
Heilbrigðismál	98.299	105.264	113.311	7,1	7,6
Efnahags- og atvinnumál	44.354	46.791	50.778	5,5	8,5
Menntamál	41.377	43.847	44.549	6,0	1,6
Menningar, íþróttar og trúmál	13.350	14.740	14.833	10,4	0,6
Lög- og réttargæsla	17.535	18.029	18.561	2,8	2,9
Önnur útgjöld	15.428	18.578	21.841	20,4	17,6
Gjöld alls	446.460	463.375	487.150	3,8	5,1

Þróun málaflökkanna er rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflökks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við þann hluta fjárheimilda ársins sem áætlanir ráðuneyta og stofnana gerðu ráð fyrir að tilheyrði þessum hluta ársins.



Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar - október 2013-2014

	2014	2013	% breyt.
<i>Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald</i>	3.279	3.200	2,5
<i>Fjármálastjórnarsýsla ríkisins</i>	8.415	7.991	5,3
<i>Utanríkismál</i>	9.798	9.519	2,9
<i>Önnur almenn opinber þjónusta</i>	6.849	7.410	-7,6
<i>Fjármagnskostnaður</i>	66.466	65.436	1,6
<i>Almenn fjárframlög til sveitarfélaga</i>	13.894	13.803	0,7
Almenn opinber þjónusta	108.701	107.361	1,2
Lög- og réttargæsla	18.561	18.029	2,9
<i>Almenn atvinnumál og markaðseftirlit</i>	5.246	5.104	2,8
<i>Landbúnaðarmál</i>	10.898	10.963	-0,6
<i>Samgöngumál</i>	21.743	19.015	14,3
<i>Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum</i>	3.984	3.960	0,6
<i>Önnur efnahags- og atvinnumál</i>	8.908	7.750	14,9
Efnahags- og atvinnumál	50.778	46.791	8,5
<i>Lyf og lækningavörur</i>	15.227	14.822	2,7
<i>Heilsugæsla</i>	23.071	21.238	8,6
<i>Sjúkrahúsþjónusta</i>	48.586	45.257	7,4
<i>Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir</i>	22.892	20.531	11,5
<i>Heilbrigðiseftirlit og stjórnarsýsla</i>	3.536	3.416	3,5
Heilbrigðismál	113.311	105.264	7,6
<i>Menningarmál</i>	6.758	7.010	-3,6
<i>Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál</i>	8.074	7.729	4,5
Menningar- og félagsmál	14.833	14.740	0,6
<i>Framhaldsskólastig</i>	17.210	16.895	1,9
<i>Háskólastig</i>	23.553	23.242	1,3
<i>Önnur menntamál</i>	3.787	3.710	2,1
Menntamál	44.549	43.847	1,6
<i>Örorka og fötlun</i>	28.364	25.883	9,6
<i>Öldrun</i>	38.589	34.430	12,1
<i>Fjölskyldur og börn</i>	20.763	18.555	11,9
<i>Atvinnuleysi</i>	11.937	14.904	-19,9
<i>Vaxtabætur</i>	8.393	8.850	-5,2
<i>Önnur trygginga- og velferðarmál</i>	6.531	6.143	6,3
Almannatryggingar og velferðarmál	114.577	108.765	5,3
<i>Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun</i>	9.057	8.478	6,8
<i>Fjármagnstekjuskattur</i>	6.495	4.162	56,1
<i>Annað</i>	6.288	5.938	5,9
Önnur útgjöld	21.841	18.578	17,6
Gjöld alls	487.150	463.375	5,1

Útgjöld til almennrar þjónustu námu samtals 108,7 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins samanborið við 107,4 ma.kr. á síðasta ári sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir.



Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda eða um 61%, en hann nam 66,5 ma.kr. á tímabilinu og jókst lítillega milli ára. Útgjöld vegna utanríkismála námu 9,8 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári en nokkuð minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þessum útgjöldum námu útgjöld sendiráða Íslands 2,6 ma.kr., útgjöld vegna alþjóðastofnana 2,1 ma.kr. og útgjöld vegna alþjóðlegra samskipta 1,2 ma.kr. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 13,9 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins voru lægri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir og námu 8,4 ma.kr. þar sem mest munaði um útgjöld ríkisskattstjóra sem námu 2,3 ma.kr., útgjöld tollstjóra sem námu 2,1 ma.kr. og útgjöld Fjárslýslu ríkisins sem námu 1,3 ma.kr. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 10,1 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári.

Útgjöld til lög- og réttargæslu námu um 18,6 ma.kr. og aukast um 2,9% á milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldapættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 3,2 ma.kr. og aukast lítillega á milli ára og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 2,7 ma.kr. og dragast saman milli ára. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 1,3 ma.kr. á tímabilinu, útgjöld sýslumannsembætta tæpum 3 ma.kr., útgjöld héraðsdómstóla 1,2 ma.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 1,2 ma.kr. og útgjöld vegna framkvæmda við fangelsisbyggingar 867 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um tæpa 4 ma.kr. á milli ára og námu 50,8 ma.kr. á þessum fyrstu tíu mánuðum ársins sem er nokkuð minna en það sem gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 21,7 ma.kr. samanborið við rúma 19 ma.kr. á fyrra ári. Framkvæmdir Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta en útgjöld vegna þeirra námu rúmum 18 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 10,9 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu sem námu rúmum 8,8 ma.kr. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 5,2 ma.kr. þar sem munar mest um útgjöld Fjármálaeftirlitsins sem námu 1,4 ma. kr. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum námu tæpum 4 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld Hafrannsóknarstofnunar upp á 1,2 ma.kr., útgjöld vegna matvælarannsókna 506 m.kr., útgjöld Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands upp á 600 m.kr. og útgjöld Tækniþróunarsjóðs upp á 814 m.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 8,9 ma.kr. þar sem endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi námu rúmum 1 ma.kr., niðurgreiðslur á húshitun 1,1 ma.kr., útgjöld Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 909 m.kr. og útgjöld Fiskistofu um 698 m.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 113,3 ma.kr. og jukust um rúma 8 ma.kr. milli ára. sem er jafnframt rúmum 4 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 15,2 ma.kr. samanborið við 14,8 ma.kr. 2013 sem er lítillega umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 23,1 ma.kr. samanborið við 21,2 ma.kr. 2013. Greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu námu rúmum 11 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu námu 4,1 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 48,6 ma.kr. samanborið við 45,3 ma.kr. 2013 og eru töluvert umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu tæpum 36 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 4,6 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 6,4 ma.kr.



Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 22,9 ma.kr. og jukust um 2,4 ma.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnarsýslu 3,5 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og á fyrra ári. Í heild námu útgjöld vegna sjúkratrygginga 28,1 ma.kr. á tímabilinu og jukust um tæpa 2 ma.kr. milli ára og voru rúma 2 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 14,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára en voru minni en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 6,8 ma.kr. þar sem mest munar um rekstur Landsbókasafns-Háskólabókasafns sem nam 704 m.kr., framlög til lista sem námu 830 m.kr. útgjöld vegna Þjóðleikhússins sem námu 660 m.kr., útgjöld vegna Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem námu 643 m.kr. og útgjöld vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem námu 753 m.kr. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 8,1 ma.kr. þar sem helstu útgjaldþættir eru Ríkisútvarpið 2,9 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 4,4 ma.kr.

Útgjöld til menntamála námu 44,5 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins og jukust lítillega milli ára en voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 17,2 ma.kr. og voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að mestu með lægri launaútgjöldum vegna verkfalls framhaldsskólakennara á tímabilinu. Útgjöld vegna háskólastigs námu 23,6 ma.kr. samanborið við 23,2 ma.kr. á fyrra ári sem var lítillega innan þess sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 10,3 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,2 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna Háskólans í Reykjavík 1,9 ma.kr. og Háskólans á Akureyri 1,3 ma.kr. Útgjöld vegna annarra menntamála námu 3,8 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna símenntunar og fjarkennslu upp á 1,1 ma.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 114,6 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 5,8 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóta-liðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 28,4 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki sem námu 23,9 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 38,6 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta og námu slík útgjöld um 30,9 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 5,4 ma.kr. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 20,8 ma.kr. þar sem barnabætur upp á 9,8 ma.kr. og útgjöld vegna Fæðingaorlofs upp á 7,3 ma.kr. skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 11,9 ma.kr. samanborið við 14,9 ma.kr. á sama tímabili í fyrra og eru því að dragast verulega saman milli ára sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu 8,4 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Önnur trygginga- og velferðarmál námu 6,5 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Í heild námu útgjöld vegna lífeyristrygginga 58,1 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 10,7 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 21,8 ma.kr. samanborið við 18,6 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna námu 9,1 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári og meira en gert hafði verið ráð fyrir. Greiddur fjármagnstekjuskattur nam 6,3 ma.kr. á tímabilinu og jókst verulega milli ára og var jafnframt vel umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Þessar greiðslur renna í ríkissjóð



og því er sambærilegt jákvætt frávik á tekjuhlíð og því engin nettó áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 4,7 ma.kr., útgjöld vegna varnarmála 887 m.kr. og útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála 737 m.kr.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 3,4 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 43,7 ma.kr. Brúttó var lánsfjárjöfnuðurinn neikvæður um 137,0 ma.kr. en var neikvæður um 99,2 ma.kr. á sama tímabili 2013.

Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 140,4 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 30,0 ma.kr. og af erlendum lánum 110,4 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu um 171,0 ma.kr. þar sem innlendar lántökur námu 54,6 og erlendar lántökur námu 116,4 ma.kr. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 22,1 ma.kr. á tímabilinu.

Ríkissjóður Íslands gekk frá samningum í júlí um útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 750 milljónir evra, eða jafnvirði um 117 ma.kr. Lánið var notað til að endurgreiða fyrirfram lán frá Norðurlöndunum sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda sem studd var af AGS árið 2008.